



**BA-ritgerð  
í lögfræði**

**Hvenær telst lán vera í erlendum gjaldmiðlum?**

Með hliðsjón af dómaframkvæmd Hæstaréttar  
í gengistryggingarmálum

Snæbjörn Valur Ólafsson

Leiðbeinandi: Eggert Páll Ólason

Júní 2015



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**FÉLAGSVÍSINDASVIÐ**

---

LAGAÐEILD

**BA ritgerð  
í lögfræði**

**Hvenær telst lán vera í erlendum gjaldmiðlum?**

Með hliðsjón af dómaframkvæmd Hæstaréttar  
í gengistryggingarmálum

Snæbjörn Valur Ólafsson

Leiðbeinandi: Eggert Páll Ólason

Júní 2015



## EFNISYFIRLIT

1 Inngangur .....	4
2 Meginreglur samningaréttar .....	5
2.1 Reglan um skuldbindingargildi samninga .....	5
2.2 Samningsfrelsið .....	5
3 Ógildir löggerningar .....	6
3.1 Um ógilda löggerninga .....	6
3.2 Réttaráhrif ógildra löggerninga .....	7
3.3 Samningsákvæði sem eru andstæð lögum .....	7
4 Verðtrygging .....	8
4.1 Um verðtryggingu.....	8
4.2 Gildissvið laga um vexti og verðtryggingu .....	9
4.3 Að hvaða marki eru lögin frávíkjanleg? .....	9
4.4 Grundvöllur verðtryggingar.....	11
5 Hvenær telst lán vera í erlendum gjaldmiðlum? .....	12
5.1 Almenn .....	12
5.2 Um túlkun löggerninga.....	13
5.2.1 Skýring löggerninga.....	13
5.2.2 Fylling löggerninga.....	14
5.3 Sönnunarbyrði .....	14
5.4 Dómaframkvæmd .....	14
5.4.1 Tegundir skuldbindinga .....	14
5.4.2 Tekið er fram að skuldbinding sé gengistryggð.....	15
5.4.3 Skuldbinding er tilgreind sem jafnvirði fjárhæðar í íslenskum krónum .....	16
5.4.4 Óhefðbundnir lánessamningar .....	21
5.4.5 Skuldbindingar tilgreindar í erlendum gjaldmiðlum.....	22
6 Ályktanir af dómaframkvæmd .....	24
6.1 Tilgreining höfuðstóls og framkvæmd samnings .....	24
6.2 Önnur atriði.....	25
7 Lokaorð .....	27
Heimildaskrá .....	29
Dómaskrá .....	30

## 1 Inngangur

Á árunum fyrir efnahagshrunið var algengt að lánastofnanir hér á landi byðu upp á peningalán, þar sem lántakar fengu afhentar íslenskar krónur en áttu síðan að endurgreiða lánið miðað við gengi erlendra gjaldmiðla á greiðsludegi einstakra afborgana. Slík gengistrygging var ýmist miðuð við eina tiltekna erlenda mynt eða við fleiri myntir í nánar tilgreindum hlutföllum. Peningalán þessi gengu undir ýmsum nöfnum má þar meðal annars nefna „myntkörfulán“, „erlent myntkörfulán“, „lánessamninga í erlendri mynt/myntum“ o.fl. Þess ber að geta að samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu (hér eftir skammstöfuð vxl.) er óheimilt að miða skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla. Áðurnefnd orðanotkun getur því verið villandi ef erlend mynt skiptir ekki raunverulega um hendur í viðskiptum lánveitanda og lántaka. Lán þar sem erlend mynt skiptir raunverulega um hendur eru annars eðlis en lán í íslenskum krónum sem bundin eru við gengi erlendra gjaldmiðla en þau verða hér eftir nefnd „gengistryggð lán“.<sup>1</sup>

Höfuðstóll gengistryggðra lána hækkaði verulega í kjölfar efnahagshrunsins 2008 enda hríðféll gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum á sama tíma. Í kjölfarið hafa verið rekin fjölmörg mál fyrir dómstólum þar sem reynt hefur á lögmæti sammingsákvæða sem binda endurgreiðslu lána við gengi erlendra gjaldmiðla.<sup>2</sup> Í umræddum málum hefur einkum reynt á tvö álitafni. Annars vegar það hvenær lán telst vera gilt lán í erlendum gjaldmiðlum frekar en gengistryggt lán. Hins vegar hefur verið deilt um það hvernig fari um vexti af slíkum skuldbindingum. Markmið þessarar ritgerðar er að kryfja fyrra álitafnið til mergjar með hliðsjón af dómaframkvæmd Hæstaréttar. Rétt er að minna á að dómstólar eru, í samræmi við málsforræðisreglu einkamálaréttarfars, bundnir af þeim röksemdum sem aðilar máls tefla fram hverju sinni.<sup>3</sup>

Ritgerðin er þannig upp byggð að í öðrum kafla verður gerð grein fyrir þeim meginreglum á sviði samningaréttar sem nauðsynlegt er að hafa í huga þegar gengistryggð lán eru könnuð. Í þriðja kafla verður fjallað um þær reglur sem gilda um ógilda löggerninga. Í fjórða kafla er að finna umfjöllun um verðtryggingu og ákvæði vxl. Meginumfjöllunarefni ritgerðarinnar er að finna í fimmta kafla, en þar er dómaframkvæmd Hæstaréttar reifuð. Í sjötta kafla verða dregnar ályktanir af þeirri dómaframkvæmd sem reifuð var í fimmta kafla. Loks er að finna samantekt í sjöunda kafla.

<sup>1</sup> Eyvindur G. Gunnarsson: „Um gengistryggð lán og verðtryggingu“, bls. 316.

<sup>2</sup> Einar Hugi Bjarnason: „Gildissvið VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu“, bls. 8.

<sup>3</sup> Kristín Benediktisdóttir og Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*, bls. 20-25.

## 2 Meginreglur samningaréttar

### 2.1 Reglan um skuldbindingargildi samninga

Í samningarétti hefur lengi verið viðurkennd sú meginregla að samninga eða aðra löggerninga skuli halda eða efna (l. pacta sunt servanda). Fræðimenn hafa jafnvel gengið svo langt að telja að reglan sé í raun kjarni samningaréttarins, sem allar aðrar reglur hans séu í raun byggðar á, beint eða óbeint.<sup>4</sup> Áður fyrr var almenna reglan sú að samningar eða löggerningar voru skuldbindandi samkvæmt orðanna hljóðan og voru ógildingarástæður sjaldgæfar. Nú á dögum teljast hins vegar vera margar undantekningar frá framangreindri meginreglu.<sup>5</sup>

### 2.2 Samningsfrelsið

Meginreglan um samningsfrelsið er ein af meginstoðum fjármunaréttarins. Reglan hefur ekki verið lögfest berum orðum í norrænum rétti þó hún sé þar löngu viðurkennd. Í meginreglunni felst í meginatriðum þrennt: Í fyrsta lagi að mönnum er almennt heimilt að velja sér gagnaðila við samningsgerð. Í öðru lagi að menn hafa frelsi um efni löggerninga.<sup>6</sup> Í því felst m.a. að menn hafa frelsi um það hvernig þeir ráðstafa réttindum sínum með samningum og undir hvaða skuldbindingar þeir gangast.<sup>7</sup> Í þriðja lagi hafa menn frelsi til að ákveða hvort samningur skuli gerður eða hvort látið skuli hjá líða að gera samning eða annan löggerning.<sup>8</sup>

Þó meginreglan sé samningsfrelsi þá sætir hún ýmsum takmörkunum sem byggst geta á lögum eða samningsákvæðum. Takmarkanir á samningsfrelsinu þurfa ávallt að vera skýrar. Hvað varðar lögbundnar takmarkanir á samningsfrelsinu þá geta lög í fyrsta lagi takmarkað heimildir manna til samningsgerðar. Í þeirri takmörkun felst einnig að mönnum getur verið skylt að ganga til samninga við annan aðila samkvæmt lögum. Í öðru lagi geta lög takmarkað rétt manna til að ráða efni samninga sem þeir gera. Í þriðja lagi getur verið að menn ráði því ekki alltaf, hver viðsemjandi þeirra er.<sup>9</sup>

Eins og nánar verður komið inn á síðar er samkvæmt 13. gr. og 14. gr. vxl. óheimilt að binda lán í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla. Ljóst er að reglurnar eru ófrávíkjanlegar og því fela þær í sér undantekningu frá meginreglunni um samningsfrelsi. Reglurnar fela það í sér að óheimilt er að binda lánskuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlends gjaldmiðils þó vilji samningsaðila standi til þess.<sup>10</sup>

<sup>4</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 23-24.

<sup>5</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 24.

<sup>6</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 25.

<sup>7</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur 1*, bls. 130.

<sup>8</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 25-26.

<sup>9</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur 1*, bls. 131-134.

<sup>10</sup> Einar Hugí Bjarnason: „Gildissvið VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu“, bls. 14.

Í dómum Hæstaréttar, þar sem deilt hefur verið um lögmæti gengistryggingar, hafa lánveitendur gjarnan haldið þeirri málsástæðu fram, máli sínu til stuðnings, að lántakar hafi gengið til samninga af fúsum og frjálsum vilja og gert sér grein fyrir áhættunni sem fylgdi því að taka lán sem bundið væri við gengi erlends gjaldmiðils eða gjaldmiðla. Því hafi lántakar verið grandsamir um að gengisáhætta viðkomandi samnings hafi verið forsenda hagstæðra vaxtakjara. Hæstiréttur hefur hins vegar ekki fallist á það að framangreindar röksemdir leiði til þess að vikið verði frá ákvæðum VI. kafla vxl. Hér má sem dæmi nefna *Hrd. 14. febrúar 2011 (603/2010)*.<sup>11</sup>

*Hrd. 14. febrúar 2011 (603/2010)*. Lántakar höfðu undirritað yfirlýsingu um að þeir gerðu sér grein fyrir því að lántaka með þessum hætti væri áhættusamari heldur en lántaka í íslenskum krónum, líkt og bankinn hefði kynnt þeim sérstaklega. Í yfirlýsingunni kom fram að um væri að ræða gengisáhættu sem lýsti sér m.a. í því, að samkvæmt tölfræðilegu mati sem byggði á sölulegum sveiflum á áhættu lána sem skiptust með ofangreindum hætti, gæti höfuðstóll láns hækkað umtalsvert á lánstímanum.

Telja verður afstöðu Hæstaréttar rétta þar sem sjónarmið um samningsfrelsi eiga ekki að víkja til hliðar ófrávíkjanlegum lagareglum VI. kafla vxl., þrátt fyrir að vilji samningsaðila hafi staðið til þess að taka gengistryggt lán.<sup>12</sup>

### 3 Ógildir löggerningar

#### 3.1 Um ógilda löggerninga

Megintilgangur löggerninga er að stofna rétt, breyta rétti eða fella rétt niður. Atvik sem réttlætast af félagslegum eða viðskiptalegum ástæðum geta hins vegar gert það að verkum að löggerningar öðlist ekki þau réttaráhrif sem þeim voru ætluð. Löggerningar teljast ógildir ef þeir hvorki skapa þau réttaráhrif sem efni þeirra vísar til, né verða grundvöllur efndabóta.<sup>13</sup>

Ef löggerningur hefur verið efndur áður til ógildingar kemur, myndi ógilding skapa grundvöll að endurkröfu ef það samræmist eðli máls.<sup>14</sup>

Löggerninga er einungis hægt að ógilda með dómi, en það er oftast eftir kröfu málsaðila. Þá eru löggerningar yfirleitt dæmdir ógildir frá stofnun þeirra.<sup>15</sup>

Dómara getur þó verið heimilt að taka af sjálfsdáðum (ex officio) til skoðunar hvort löggerningur sé haldinn ógildingarannmörkum. Í þeim tilvikum sem varnaraðili mætir ekki

<sup>11</sup> Einar Hugi Bjarnason: „Gildissvið VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu“, bls. 15.

<sup>12</sup> Einar Hugi Bjarnason: „Gildissvið VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu“, bls. 15.

<sup>13</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 222.

<sup>14</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 222.

<sup>15</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 222.

eða lætur ekki mæta til að halda uppi vörnum fyrir dómi, getur dómari eflaust tekið til skoðunar ex officio allar ógildingarástæður samningaréttar. Könnun dómara myndi þá grundvallast á þeim upplýsingum sem koma fram í gögnum máls. Dómara ber þó eflaust einnig að gæta sérstaklega að því að löggerningur sé ekki ógildur af þeim sökum að hann sé andstæður lögum eða góðu siðferði.<sup>16</sup>

Ýmsar ástæður geta verið fyrir því að löggerningar teljast ógildir en ógildingarheimildum má skipta í fimm meginþætti: bresti á forskilyrðum, persónu viðkomandi aðila, efni löggernings, tilurð löggernings og rangar eða brostnar forsendur. Það að samningur sé andstæður lögum fellur í flokk ógildingarheimilda vegna efnis löggernings.<sup>17</sup>

### 3.2 Réttaráhrif ógildra löggerninga

Þrátt fyrir að löggerningur teljist ógildur samkvæmt framangreindri skilgreiningu þá er ekki þar með sagt að engin réttaráhrif verði við hann tengd. Löggerningur getur verið ógildur að hluta. Ef samningur er margþættur, þ.e. hann hefur að geyma nokkra sjálfstæða þætti, getur verið að einn samningsþáttur verði talinn ógildur en hinir haldi gildi sínu og því verði samningurinn ekki ógildur í heild sinni.<sup>18</sup>

Grandlaus samningsaðili, sem bíður tjón við það að samningur er ekki efndur vegna ógildingarannmarka sem varða gagnaðila, getur í vissum tilvikum krafist gagnaðila um vangildisbætur.<sup>19</sup>

Ásamt þeim einkaréttarlegu atriðum sem áður hafa verið rakin geta refsiréttarleg viðurlög verið tengd ýmsum athöfnum sem leiða til ógildingar löggerninga, s.s. nauðung, svik eða misneyting.<sup>20</sup>

### 3.3 Samningsákvæði sem eru andstæð lögum

Yfirleitt er talið að samningar eða aðrir löggerningar séu ógildir ef þeir samrýmast ekki tilteknum lagaákvæðum. Löggerningur getur hins vegar verið gildur í einkaréttarlegri merkingu þó stofnað hafi verið til hans með ólögumætum hætti. Hér getur verið um að ræða löggerninga sem er refsivert að gera eða þá sem beinlínis eru bannaðir með lögum. Ekki er unnt að setja fram eina algilda reglu í þessum efnum, heldur verður að kanna hver einstök lög

---

<sup>16</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 224.

<sup>17</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 224.

<sup>18</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 227.

<sup>19</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 227.

<sup>20</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 227-228.



sem til greina koma hverju sinni og eðli þeirra löggerninga sem máli skipta með samanburði við eðli og markmið lagaákvæðanna.<sup>21</sup>

## 4 Verðtrygging

### 4.1 Um verðtryggingu

Hugtakið verðtrygging hefur hingað til ekki verið skilgreint efnislega í lagatexta þó það komi fyrir í lögum. Því verður að telja að sérfræðileg merking hugtaksins falli saman við lagalega merkingu þess.<sup>22</sup> Verðtrygging er almennt skilgreind á þá leið að með verðtryggingu sé átt við það þegar verðgildi peninga er tengt við einhvers konar gengi eða vísitölu. Talið hefur verið að skýra beri hugtakið verðtrygging rúmt, þannig að innan þess falli þau tilvik, þegar greiðsla er tengd breytingu á vísitölu, vöruverði, gengi gjaldeyris eða annarri viðmiðun.<sup>23</sup>

Með setningu laga nr. 13/1979 um stjórn efnahagsmála o.fl. árið 1979 var verðtrygging sparifjár og lánsfjár heimiluð. Í lögnum var kveðið á um að stefnt skyldi að verðtryggingu sparifjár landsmanna og almennasjóða og var grundvöllur lagður að lánskjaravísitölu.<sup>24</sup> Í 34. gr. laganna sagði að heimilt væri að mynda sparifjárreikninga og stofna til lánsviðskipta í íslenskum krónum eða öðrum verðmæli með ákvæðum þess efnis að greiðslur, þar með taldir vextir skyldu „breytast í hlutfalli við verðvísitölu eða gengi erlends gjaldeyris, sbr. 39. gr.“. Heimilt var að miða við opinbera skráða vísitölu eða vísitölur eins og þær voru reiknaðar á hverjum tíma eða gengi erlends gjaldmiðils þar sem lög eða reglugerð heimiluðu slíkt sérstaklega.<sup>25</sup>

Lagareglur um verðtryggingu voru færðar úr lögum nr. 13/1979 um efnahagsmál o.fl. inn í vaxtalög nr. 25/1987 með lögum nr. 13/1995. Í 20. gr. laga nr. 25/1987 kom fram að ákvæði kaflans skyldu gilda um skuldbindingar um sparifé og lánsfé í íslenskum krónum þar sem skuldari lofaði að greiða peninga og þar sem áskilið væri að greiðslurnar skyldu breytast í hlutfalli við verðvísitölu eða vísitölu gengis á erlendum gjaldmiðli, sbr. 21. gr. Í 21. gr. laganna var að finna skilyrði verðtryggingar.<sup>26</sup>

Ekki er að finna efnislega skilgreiningu á hugtakinu verðtryggingu í vxl. frekar en í forvera þeirra, vaxtalögum nr. 25/1987, sbr. lög nr. 13/1995. Í 1. mgr. 13. gr. laganna segir þó að með verðtryggingu sé í VI. kafla laganna átt við breytingu í hlutfalli við innlenda verðvísitölu. Varðandi heimildir til verðtryggingar þá vísar 13. gr. til 14. gr. um lögmætan

<sup>21</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 263-264.

<sup>22</sup> Eyvindur G. Gunnarsson: „Um gengistryggð lán og verðtryggingu“, bls. 317.

<sup>23</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 422.

<sup>24</sup> Eyvindur G. Gunnarsson: „Meginatriði laga um vexti og verðtryggingu“, bls. 181.

<sup>25</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 423.

<sup>26</sup> Eyvindur G. Gunnarsson: „Um gengistryggð lán og verðtryggingu“, bls. 318.

grundvöll verðtryggingar. Í 1. mgr. 14. gr. kemur fram að heimilt sé að verðtryggja sparifé og lánsfé ef grundvöllur verðtryggingar er vísitala neysluverðs. Þess ber einnig að geta að samkvæmt 2. mgr. 14. gr. er heimilt að miða við hlutabréfavísitölu, innlenda eða erlenda.

#### **4.2 Gildissvið laga um vexti og verðtryggingu**

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. vxl. gilda lögum um vexti af peningakröfum á sviði fjármunaréttar og á öðrum sviðum réttarins, eftir því sem við getur átt, svo og um annað endurgjald sem áskilið er eða tekið fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar.

Lögum taka til allra peningakrafna á sviði fjármunaréttar, hvort sem um er að ræða einhliða eða tvíhliða (gagnkvæm) kröfuréttarsambönd.<sup>27</sup>

Í 2. mgr. 1. gr. vxl. kemur fram að lögum taki einnig til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár. Í VI. kafla laganna er að finna reglur um verðtryggingu en gildissvið kaflans ræðst af 2. gr. laganna og þeim reglum sem er að finna í kaflanum. Í 1. mgr. 13. gr. kemur fram að ákvæði VI. kafla gildi um skuldbindingar sem varða sparifé og lánsfé í íslenskum krónum. Af þessu leiðir að utan gildissviðs kaflans falla t.d. leigusamningar og þau tilvik þegar lánuð er erlend mynt. Af framansögðu er ljóst að lykilatriði varðandi skýringu ákvæðisins er að ákvarða hvað telst vera sparifé og lánsfé og hvenær slíkar skuldbindingar eru í íslenskum krónum.<sup>28</sup>

#### **4.3 Að hvaða marki eru lögum frávíkjanleg?**

Í 2. gr. vxl. er að finna reglu sem mælir fyrir um það hvaða ákvæði laganna eru frávíkjanleg. Þar kemur fram að ákvæði II. kafla (almennir vextir) og IV. kafla (vextir af skaðabótakröfum) gilda aðeins ef annað leiðir ekki af samningi, venju eða lögum. Einnig kemur fram að heimilt sé að víkja frá öðrum ákvæðum laganna, að því marki sem þar er kveðið á um, en hér er átt við 6. og 12. gr. laganna. Í lokamálslið 2. gr. kemur fram að ávallt sé heimilt að víkja frá ákvæðum laganna til hagsbóta fyrir skuldara. Talið hefur verið að af réttri skýringu á 2. gr. leiði að öll önnur ákvæði laganna séu ófrávíkjanleg, þar á meðal ákvæði VI. kafla um verðtryggingu.<sup>29</sup>

Í athugasemdum greinagerðar með frumvarpi vxl. við 2. gr. laganna kemur fram að lengi hafi í réttarframkvæmd ríkt nokkur óvissa um það að hvaða leyti ákvæði vxl. séu frávíkjanleg. Með frumvarpinu sé stefnt að því að breyta þessu og því þyki rétt að tilgreina nánar að hvaða

<sup>27</sup> Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II*, bls. 398. Sjá einnig Alþt. 2000-2001, A-deild, bls. 3678.

<sup>28</sup> Einar hugi Bjarnason: „Gildissvið VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu“, bls. 19.

<sup>29</sup> Eyvindur G. Gunnarsson: „Um gengistryggð lán og verðtryggingu“, bls. 322.

leyti lögin séu frávíkjanleg.<sup>30</sup> Eins og áður segir er mælt fyrir um það í 2. gr. vxl. hvaða reglur eru frávíkjanlegar. Reglur VI. kafla um verðtryggingu eru ekki meðal þeirra reglna sem þar koma fram og verður því að telja að þær séu ófrávíkjanlegar.<sup>31</sup>

Í eftirfarandi dómum Hæstaréttar báru kröfuhafar fyrir sig að samkvæmt lokamálslið 2. gr. hefði verið heimilt að binda lán í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla, þar sem slíkt hefði verið skuldara til hagsbóta.

*Hrd. 14. febrúar 2011 (603/2010).* Þar var meðal annars deilt um það hvort F hf. hefði verið heimilt að binda fjárhæðir höfuðstóls lánsamnings við T hf. við breytingar á gengi krónu gagnvart erlendum gjaldmiðlum. F hf. bar fyrir sig að samkvæmt lokamálslið 2. gr. vxl. hefði verið heimilt að binda lán í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla, þar sem slíkt hefði verið skuldara til hagsbóta. Hæstiréttur benti á að umrætt lagaákvæði hefði að geyma undantekningu frá meginreglu vxl. um að óheimilt væri að semja um grundvöll verðtryggingar, sem ekki væri stoð fyrir í lögum, og að F hf. bæri sönnunarbyrði fyrir því að slíkt væri hagstæðara fyrir skuldara. Hæstiréttur tók fram að ekki gæti ráðið úrslitum hvort svo hefði verið á því tímamarki þegar lánið var tekið, heldur yrði að líta til þess hvað ætla mætti um það þegar upp væri staðið að lánstíma loknum. Slíkt yrði aðeins gert með samanburði lánskjara. F hf. hafði átt þess kost að leggja fram matsgerðir staðhæfingum sínum til stuðnings en það hafði F hf. ekki gert. Niðurstaða Hæstaréttar var að F hf. var talið óheimilt að verðtryggja lán T hf. með því að binda það við gengi erlendra gjaldmiðla.

*Hrd. 14. febrúar 2011 (604/2010).* Í málinu bar kröfuhafi það meðal annars fyrir sig að samkvæmt lokamálslið 2. gr. vxl. hefði verið heimilt að binda lán í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla enda hefði það verið skuldara til hagsbóta. Þegar lánið var tekið var gengi íslensku krónunnar stöðugt gagnvart erlendum myntum og einnig voru vextir af því hagstæðir en samið var um að lánið bæri tiltölulega lága LIBOR vexti. Hæstiréttur benti á að umrætt lagaákvæði hefði að geyma undantekningarreglu frá meginreglu vxl. um að óheimilt væri að semja um grundvöll verðtryggingar sem ekki væri stoð fyrir í lögum og því bæri kröfuhafi sönnunarbyrði fyrir því að hagstæðari kosturinn hefði orðið ofan á. Þegar metið væri hvort hagstæðari kosturinn hefði orðið ofan á gæti ekki ráðið úrslitum hvort svo kynni að hafa verið þegar lánið var tekið. Svo unnt væri að slá því föstu að gengistryggð lán væru til hagsbóta fyrir skuldara yrði að líta til þess hvað ætla mætti um það þegar upp væri staðið að lánstíma loknum. Kröfuhafi hafði átt kost á því að afla matsgerðar til stuðnings staðhæfingu sinni en slíkt hafði hann ekki gert og því taldi Hæstiréttur umrædda málsástæðu hans haldlausa. Hæstiréttur féllst því á með skuldara að kröfuhafi hefði verið óheimilt að verðtryggja lán þeirra með því að binda þau við gengi erlendra gjaldmiðla.

Í framangreindum tveimur dómum virðist Hæstiréttur slá því föstu að við túlkun á lokamálslið 2. gr. vxl. geti það ekki ráðið úrslitum hvort lánskjör hafi verið hagstæðari þegar lánið var tekið heldur verði að horfa til þess hvað ætla megi um það að lánstíma liðnum. Hæstiréttur tekur það einnig fram að kröfuhafi hefði getað aflað matsgerðar til stuðnings staðhæfingu sinni um að gengistryggt lán hafi verið skuldara til hagsbóta en það hafi hann

<sup>30</sup> Alpt. 2000-2001, A-deild, bls. 3678.

<sup>31</sup> Eyvindur G. Gunnarsson: „Um gengistryggð lán og verðtryggingu“, bls. 322.

ekki gert.<sup>32</sup> Í *Hrd. 9. júní 2011 (155/2011)* bar kröfuhafi einnig fyrir sig lokamálslið 2. gr. vxl. og lagði fyrir réttinn gögn sem hann taldi sanna að gengistryggð lán hefðu verið til hagsbóta fyrir skuldara.

*Hrd. 9. júní 2011 (155/2011)*. Kröfuhafi bar fyrir sig að skv. lokamálslið 2. gr. vxl. hafi honum verið heimilt að binda lán í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla, enda hafi það við gerð lánssamningsins verið til hagsbóta fyrir skuldarann. Hæstiréttur vísaði til fyrri dóma réttarins í málum *Hrd. 14. febrúar 2011 (603/2010)* og *Hrd. 14. febrúar 2011 (604/2010)* þar sem slíkum röksemdum var hafnað. Þar var hins vegar um að ræða lán til 20, 25, 30 og 40 ára en í máli þessu var deilt um lán til 5 ára. Hér hafði kröfuhafi lagt fyrir Hæstarétt gögn sem innihéldu samanburð á greiðslubyrði af lánum í íslenskum krónum og láni í erlendum myntum sem tekin voru á svipuðum tíma og það lán sem deilt var um í málinu. Þar var miðað við þrenns konar lánskilmála, óverðtryggt lán í íslenskum krónum, verðtryggt lán í íslenskum krónum og lán í þeim erlendu myntum og með kjörum hliðstæðum þeim sem hér var deilt um. Með umræddum gögnum taldi kröfuhafi sig geta sannað að skilyrðum lokamálsliðar 2. gr. vxl. væri fullnægt. Meirihluti Hæstaréttar féllst ekki á þessar röksemdir kröfuhafa og benti á að reynslan sýndi að þegar til lengri tíma væri litið hefði gengi íslensku krónunnar farið lækkandi miðað við gengi algengustu erlendra gjaldmiðla og að slíkar breytingar kæmu gjarnan í stökkum og væru því ekki fyrir sjáanlegar með löngum fyrirvara. Láni í íslenskum krónum til fimm ára, sem bundið væri við gengi erlendra gjaldmiðla fylgdi því augljós áhætta sem síðar hefði komið í ljós að væri raunhæf. Niðurstaða meirihluta Hæstaréttar var því að ekki væri fullnægt skilyrðum til þess vika mætti frá ákvæðum vxl. um bann við gengistryggingu og var kröfuhafa því óheimilt að verðtryggja lán með því að binda það við gengi erlendra gjaldmiðla.

Í 17. gr. vxl. er að finna vísbendingu um að ákvæði VI. kafla laganna séu ófrávíkjanleg. Þar kemur fram að brot á VI. kafla laganna varði sektum, nema þyngri refsing liggji við broti samkvæmt öðrum lögum. Ekki væri lögð refsing við brotum á ákvæðum kaflans nema af því þau eru ófrávíkjanleg.<sup>33</sup>

#### 4.4 Grundvöllur verðtryggingar

Eins og áður hefur komið fram teljast sanningsákvæði sem binda skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla ein tegund verðtryggingar.<sup>34</sup> Ljóst er samkvæmt 2. gr. vxl. að ákvæði VI. kafla þeirra eru ófrávíkjanleg. Samkvæmt 1. mgr. 13. gr. vxl. eru heimildir til verðtryggingar að finna í 14. gr. laganna. Í 14. gr. er mælt fyrir um lögmætan grundvöll verðtryggingar. Samkvæmt 1. másl. 1. mgr. 14. gr. er heimilt að verðtryggja sparifé og lánsfé ef grundvöllur verðtryggingar er vísitala neysluverðs. Í 2. mgr. 14. gr. kemur þó fram að heimilt sé í lánssamningi að miða við hlutabréfavísitölu, innlenda eða erlenda eða safn slíkra vísitalna sem ekki mæla breytingar á almennu verðlagi. Ekki er fjallað um bindingu lánsfjár í íslenskum krónum við gengi erlends gjaldmiðils í 13. og 14. gr. vxl.

<sup>32</sup> Einar Hugí Bjarnason: „Gildissvið VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu“, bls. 12.

<sup>33</sup> Eyvindur G. Gunnarsson: „Um gengistryggð lán og verðtryggingu“, bls. 322-323.

<sup>34</sup> Eyvindur G. Gunnarsson: „Um gengistryggð lán og verðtryggingu“, bls. 325.

Í athugasemdum greinagerðar með frumvarpi til vxl. varðandi 13. gr. og 14. gr. laganna kemur skýrlega fram að heimildir til að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við erlenda gjaldmiðla verði felldar niður.<sup>35</sup> Samkvæmt 13. gr. og 1. mgr. 14. gr. yrði ekki heimilt að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við dagsengi erlendra gjaldmiðla.<sup>36</sup> Þetta er áréttað í almennum athugasemdum við frumvarpið þar sem segir „Heimildir til að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla eru felldar niður.“<sup>37</sup>

Í tveimur málum frá 16. júní 2010 komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að óheimilt væri samkvæmt vxl. að binda lán í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla.

*Hrd. 16. júní (92/2010).* Í málinu var meðal annars deilt um það hvort gengistrygging, sem fæli í sér að íslenskar krónur væri bundnar við gengi erlendra gjaldmiðla, væri heimil að lögum. Rakið var að í athugasemdum með frumvarpi sem varð að vxl., og öðrum lögskýringargögnum varðandi þau, hefði verið ítrekað að með þeim yrðu felldar niður heimildir til að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla. Hæstiréttur taldi að vilji löggjafans kæmi skýrlega fram í orðum 13. og 14. gr. vxl., þar sem aðeins væri mælt fyrir um heimild til að beita tilteknum tegundum verðtryggingar en ekki væri rætt um þær tegundir sem óheimilt væri að beita. Samkvæmt vxl. væri óheimilt að lán í íslenskum krónum væru verðtryggð með því að binda þau við gengi erlendra gjaldmiðla. Hæstiréttur tók einnig fram að 13. og 14. gr. vxl. væru ófrávíkjanlegar og því yrði ekki samið um grundvöll verðtryggingar sem ekki væri stoð fyrir í lögum. Niðurstaða Hæstaréttar var því að ákvæði í samningi aðila um gengistryggingu hefðu verið í andstöðu við þessi fyrirmæli laganna og væru þar af leiðandi ekki skuldbindandi.

Sömu niðurstöðu er að breyttum breytanda að finna í *Hrd. 16. júní 2010 (153/2010)*.

## **5 Hvenær telst lán vera í erlendum gjaldmiðlum?**

### **5.1 Almennt**

Eins og áður hefur verið rakið þá kemur fram í 1. mgr. 2. gr. vxl. að lögin gildi um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Gildissvið VI. kafla laganna er nánar afmarkað í 1. mgr. 13. gr. en þar kemur meðal annars fram að ákvæði kaflans gildi um skuldbindingar sem varða sparifé og lánsfé í íslenskum krónum. Af þessu leiðir að leigusamningar og þau tilvik þar sem lánaður er erlendur gjaldmiðill falla utan gildissviðs kaflans.<sup>38</sup> Mörg dómsmál hafa verið rekin þar sem deilt hefur verið um það hvort tiltekin skuldbinding sé í íslenskum krónum eða í erlendum gjaldmiðlum.

Ekki er að finna leiðbeiningar um það í vxl. hvenær tiltekin skuldbinding telst vera í íslenskum krónum eða erlendum gjaldmiðlum. Því verður að telja að þetta ráðist af mati á

<sup>35</sup> Alþt. 2000-2001, A-deild, bls. 3686.

<sup>36</sup> Eyvindur G. Gunnarsson: „Um gengistryggð lán og verðtryggingu“, bls. 322.

<sup>37</sup> Alþt. 2000-2001, A-deild, bls. 3677.

<sup>38</sup> Einar Hugi Bjarnason: „Gildissvið VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu“, bls. 19.

atvikum hverju sinni. Engar vísbendingar eru í vxl. eða lögskýringargögnum um það til hvaða atriða beri að líta þegar vafi leikur á því hvort skuldbinding teljist vera í íslenskum krónum eða í erlendum gjaldmiðlum. Við þetta mat verður því fyrst og fremst að túlka efni viðkomandi skuldbindingar með hliðsjón af þeim gögnum og upplýsingum sem til staðar eru um tilurð og framkvæmd sammingsins.<sup>39</sup>

## 5.2 Um túlkun löggerninga

Í löggerningi felst yfirlýsing sem ætlað er að stofna rétt, breyta rétti eða fella rétt niður. Áður en þessi réttaráhrif geta komið til framkvæmda verður að ákvarða hvert hið raunverulega efni löggernings er hverju sinni. Það leiðir af meginreglunni um sammingsfrelsi að mestu máli skiptir að leiða í ljós þann vilja eða tilætlun sem liggur að baki yfirlýsingu, að því marki sem samrýmst getur eðlilegum hugmyndum eða trausti, sem hún vekur eða getur vakið hjá móttakanda hennar. Við túlkun löggerninga er fyrst og fremst horft til þess sem berum orðum kemur fram í þeim. Einnig getur reynt á margvíslegt háttarni löggerningsgjafa.<sup>40</sup>

Norrænir fræðimenn hafa greint túlkun löggerninga í tvo þætti. Annars vegar túlkun í þrengri merkingu, skýringu, sem beinist að skilningi á tilteknum löggerningi. Hins vegar fyllingu sem snýst um að ákvarða réttaráhrif löggernings á grundvelli réttarreglna eða réttarheimilda.<sup>41</sup>

### 5.2.1 Skýring löggerninga

Skýring löggernings felst í því að ákvarða merkingu hans af orðalagi eða öðru háttarni yfirlýsingargjafa við stofnun viðkomandi löggernings. Skýring grundvallast á þeim staðreyndum sem sannaðar verða en túlkandinn hefur nokkuð frjálsar hendur um það hvaða aðferðum hann beitir. Skýring er ekki alltaf lögfræðileg nema að nokkru leyti en eftir atvikum getur einnig reynt á atriði sem snerta t.d. málvísindi, rökfræði o.fl. Skýranda ber að leggja sem eðlilegastan skilning í hvern einasta löggerning. Því væri yfirleitt rétt að styðjast við venjulegt málfar og málnotkun. Nauðsynlegt getur verið að kanna ýmis atriði sem varða undirbúning eða forsögu sammingsgerðar til þess að öðlast skilning á tilgangi hans. Við slíka könnun getur komið í ljós að aðilar hafa lagt annan skilning í efni sammingsins en leiða má af orðalagi hans einu saman. Hins vegar hefur almennt verið talið að mikilvæg atriði sem ekki eru tekin upp í endanlegan samning skuli ekki hafa réttaráhrif. Hegðun aðila eftir sammingsgerð og ýmis

<sup>39</sup> Einar Hugi Bjarnason: „Gildissvið VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu“, bls. 39-40.

<sup>40</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 46.

<sup>41</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 52.

önnur eftirfarandi atvik geta gefið vísbendingu um það hvernig skýra beri viðkomandi löggerning.<sup>42</sup>

### 5.2.2 Fylling löggerninga

Réttaráhrif löggerninga eru ekki alltaf ákvörðuð með eiginlegum skýringaraðferðum. Fylling felst í því að ákvarða réttaráhrif á grundvelli réttarreglna eða réttarheimilda.<sup>43</sup>

Við samningsgerð geta samningsaðilar iðulega ekki séð fyrir öll þau atriði sem valdið geta ágreiningi síðar. Þar af leiðandi verður ekki hægt að ráða einungis af orðalagi samnings eða öðru hátterni þeirra öll þau réttaráhrif sem samningi fylgja eða geta fylgt. Við fyllingu reynir á beitingu ýmiss konar réttarheimilda. Einkum getur reynt á lagaákvæði og venjur en einnig getur reynt á fordæmi, lögjöfnun, eðli máls eða meginreglur laga. Ákveðnar venjur eða réttarreglur hafa skapast í viðskiptalífínu um réttaráhrif einstakra löggerninga. Því er mikilvægt að túlkandi greini til hvaða löggernings- eða samningstegundar viðkomandi löggerningur tilheyrir en síðan getur hann kannað þær fyllingarreglur eða viðhorf sem talin eru ríkja á því sviði.<sup>44</sup>

## 5.3 Sönnunarbyrði

Á sviði samningaréttar hafa mótast ákveðnar reglur um túlkun löggerninga. Um er að ræða leiðbeiningarreglur sem meta verður hvort eigi við hverju sinni. Ein af þessum reglum er andskýringarreglan. Reglan felur í sér að umdeilanleg eða óljós samningsákvæði ber að jafnaði að skýra þeim aðila í óhag sem hefur samið þau einhliða, enda stóð það honum næst að hlutast til um að þau væru skýrari. Reglan á einkum við ef sá hinn sami naut lögfræðilegrar aðstoðar eða honum var í lófa lagið að notfæra sér slíka aðstoð.<sup>45</sup>

## 5.4 Dómaframkvæmd

### 5.4.1 Tegundir skuldbindinga

Ef skoðaðar eru nánar þær tegundir lánsskuldbindinga sem helst hefur reynt á í Hæstarétti verður að telja að hægt sé að flokka þær í þrennt, eftir því hvernig höfuðstóll þeirra er tilgreindur. Í fyrsta lagi eru skuldbindingar þar sem höfuðstóll er tilgreindur í íslenskum krónum en fram kemur að þær séu gengistryggðar. Í öðru lagi eru þær skuldbindingar þar sem höfuðstóll er tilgreindur sem jafnvirði fjárhæðar í íslenskum krónum sem skiptast skal eftir

<sup>42</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 52-54.

<sup>43</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 54.

<sup>44</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 54.

<sup>45</sup> Páll Sigurðsson: *Samningaréttur*, bls. 57.

nánar tilteknum hlutföllum í erlendar myntir. Í þriðja lagi eru þær skuldbindingar þar sem hin erlenda fjárhæð er sérstaklega tilgreind.<sup>46</sup> Einnig verða athugaðar svokallaðar óhefðbundnar skuldbindingar.

#### 5.4.2 Tekið er fram að skuldbinding sé gengistryggð

Hér er um að ræða skuldbindingar þar sem fjárhæð höfuðstóls er tilgreind í íslenskum krónum og fram kemur að hún sé bundin við gengi erlendra gjaldmiðla. Skuldbinding er hér hvorki tilgreind í erlendum gjaldmiðlum né sem jafnvirði fjárhæðar í íslenskum krónum. Á slíkar skuldbindingar reyndi meðal annars í *Hrd. 16. júní 2010 (92/2010)* og *Hrd. 16. júní 2010 (153/2010)*.

*Hrd. 16. júní 2010 (92/2010)*. Í málinu deildu aðilar meðal annars um það hvort samningur væri um skuldbindingu í erlendri mynt eða íslenskum krónum, sem bundnar væru við gengi erlendra gjaldmiðla. Í samningi aðila var kaupverð bifreiðar tilgreint í íslenskum krónum og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði voru einnig ákveðnar í sama gjaldmiðli. Einnig kom fram að samningurinn væri „100% gengistryggður“. Leiga átti að miðast við myntkörfuna BL2 og ráðast af sölugengi hverju sinni en sú skýring var gefin að þessi myntkarfa væri CHF 50% og JPY 50%. Hæstiréttur taldi að samningur aðila bæri skýrlega með sér að um væri að ræða lán í íslenskum krónum, en fjárhæðin væri bundin við gengi tveggja erlendra mynta í áður greindum hlutföllum. Berum orðum kæmi fram í samningnum að íslensk fjárhæð hveðrar afborgunar ætti að breytast eftir gengi á þeim erlendu myntum, sem mið var tekið af, auk þess að fram kom í texta samnings að hann væri „100% gengistryggður“. Niðurstaða Hæstaréttar var því að samningur aðila væri um skuldbindingu í íslenskum krónum og félli því undir reglur VI. kafla vxl.

*Hrd. 16. júní 2010 (153/2010)*. Deila aðila snerist meðal annars um það hvort skuldbinding væri í erlendum myntum eða íslenskum krónum. Í yfirskrift samnings aðila kom berum orðum fram að hann væri gengistryggður. Kaupverð bifreiðar, sem samningur aðila snerist, um var tilgreint í íslenskum krónum sem og mánaðarlegar greiðslur í 48 mánuði. Einnig kom fram að allar fjárhæðir væru bundnar erlendum/innlendum myntum í ákveðnum hlutföllum og tækju mið af þeim á hverjum tíma. Gengi/vísitala skyldi miðast við útborgunardag samnings. Leiga væri gengistryggð miðað við breytingar á gengi erlends og/eða erlendra gjaldmiðla gagnvart íslenskri krónu. Hæstiréttur taldi að samningur aðila bæri skýrlega með sér að hann væri um lán í íslenskum krónum, en fjárhæðin væri bundin að hluta við gengi fjögurra mynta í nánar tilgreindum hlutföllum. Kaupverð bifreiðarinnar sem samningurinn snerist um var tilgreint í íslenskum krónum og áttu mánaðarlegar greiðslur einnig að vera ákveðnar í sama gjaldmiðli. Berum orðum kom fram að íslensk fjárhæð hveðrar afborgunar ætti að breytast eftir gengi á þeim erlendu myntum sem tekið væri mið af og í yfirskrift samnings sagði að hann væri gengistryggður. Niðurstaða réttarins var því að um væri að ræða samning um skuldbindingu í íslenskum krónum sem félli því undir reglur VI. kafla vxl.

Af þessum reifunum verður ráðið að Hæstiréttur líti til eftirtalinna atriða við mat á því hvort skuldbinding sé í íslenskum krónum eða í erlendri mynt: Í fyrsta lagi að lánsfjárhæðin

---

<sup>46</sup> Stefán A. Svensson: „Hvenær telst lán vera erlent?“, bls. 12.



var tilgreind í íslenskum krónum. Í öðru lagi kaupverð bifreiða var tilgreint í íslenskum krónum. Í þriðja lagi að mánaðarlegar greiðslur voru tilgreindar í íslenskum krónum. Í fjórða lagi að samningur aðila kvað á um að íslensk fjárhæð afborgunar myndi breytast eftir gengi á þeim erlendu myntum sem miðað var við. Í fimmta lagi að í yfirskrift samninganna var tekið fram að þeir væru gengistryggðir.<sup>47</sup>

#### *5.4.3 Skuldbinding er tilgreind sem jafnvirði fjárhæðar í íslenskum krónum*

Í þessum kafla verða skoðaðir dómar í málum þar sem skuldbinding er tilgreind sem jafnvirði fjárhæðar í íslenskum krónum sem skiptast skal eftir nánar tilgreindum hlutföllum í erlendar myntir. Fyrst verða athugaðir tveir dómar Hæstaréttar sem féllu 14. febrúar 2011 og vörðuðu báðir lánessamninga til fasteignakaupa.

*Hrd. 14. febrúar 2011 (603/2010).* Í fyrirsögn veðskuldabréfs sem gefið var út vegna fasteignakaupa var tekið fram að um væri að ræða fasteignalán í erlendri mynt. Einnig kom fram að skuldabréfið væri gengistryggt. Lánsfjárhæð var tiltekin í íslenskum krónum en jafnframt var tekið fram að hún væri „jafnvirði“ nánar tilgreindra erlendra mynta í ákveðnum hlutföllum. Í forsendum Hæstaréttar kemur fram að efni lánessamningsins hafi skipt mestu máli, þ.e. að lánsfjárhæð var ákveðin í íslenskum krónum og að hana átti að greiða í sama gjaldmiðli. Lánið var bundið sölugengi Seðlabanka Íslands á tilteknum gjaldmiðlum sem Hæstiréttur taldi benda til þess að það væri í íslenskum krónum en ekki væri þörf á því að kveða á um gengistryggingu ef lán væru raunverulega í erlendri mynt. Ekki var talið skipta máli þó fram kæmi í fyrirsögn samningsins að um erlent lán væri að ræða né að fram kæmi yfirlýsing skuldara um að skulda í erlendum gjaldmiðli „jafnvirði“ tiltekinnar fjárhæðar í íslenskum krónum. Niðurstaða Hæstaréttar var því að lánið væri í íslenskum krónum, bundið við gengi erlendra gjaldmiðla.

*Hrd. 14. febrúar 2011 (604/2010).* Um var að ræða nokkur skuldabréf vegna fasteignakaupa. Í bréfunum kom fram að fasteignalán væri í erlendri mynt og að skuldabréfin væru gengistryggð. Lánsfjárhæðin var tiltekin í íslenskum krónum en einnig var tekið fram að hún væri „jafnvirði“ nánar tilgreindra erlendra mynta í ákveðnum hlutföllum. Hæstiréttur taldi að efni lánessamninganna skipti mestu máli, þ.e. að lánsfjárhæð var ákveðin í íslenskum krónum og hana bar að endurgreiða í sama gjaldmiðli. Lánin voru bundin við sölugengi Seðlabanka Íslands á tilteknum erlendum gjaldmiðlum sem talið var benda til þess að þau væru í íslenskum krónum, enda væri engin þörf á því að kveða á um gengistryggingu ef lán væri í raun í erlendri mynt. Hvorki var talið skipta máli að fram kæmi í fyrirsögn lánessamningsins að um væri að ræða erlent lán né yfirlýsing skuldara um að skulda í erlendum gjaldmiðlum „jafnvirði“ tiltekinnar fjárhæðar í íslenskum krónum. Niðurstaðan var því að lán væru í íslenskum krónum, bundin við gengi erlendra gjaldmiðla.

Af framangreindum reifunum verður ráðið að mestu máli hafi skipt að lánsfjárhæðin var ákveðin í íslenskum krónum og hana bar að endurgreiða í sama gjaldmiðli. Ekki var talið skipta máli að lántakar höfðu fengið sendar kaupnótur þar sem tekið var fram að lánin væru

---

<sup>47</sup> Einar Hugi Bjarnason: „Gildissvið VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu“, bls. 40-41.

veitt í erlendri mynt sem seld hefði verið sama dag fyrir íslenskar krónur. Einnig er ljóst samkvæmt þessum dómum að lánsamningar þar sem fram kemur að skuldari skuldi í erlendum gjaldmiðli að jafnvirði tiltekinnar fjárhæðar í íslenskum krónum geta fallið undir gildissvið VI. kafla vxl.<sup>48</sup>

Næst verða athugaðir tveir dómar sem féllu í Hæstarétti þann 8. mars 2011 í málum *Hrd. 8. mars 2011 (30/2011)* og *Hrd. 8. mars 2011 (31/2011)*. Bæði málin snerust um kröfur fjármálafyrirtækisins NBI hf. á hendur lántökum um greiðslu gjaldfallinna eftirstöðva lánsamninga. Í báðum málum var útivist af hálfu lántaka í héraði og því voru þau tekin til dóms í samræmi við 1. mgr. 96. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hér verður látið nægja að reifa *Hrd. 8. mars 2011 (30/2011)*.

*Hrd. 8. mars 2011 (30/2011)*. Í forsendum héraðsdóms sem Hæstiréttur staðfesti kom fram að orðalag sammings um „fjölmyntalán“ gæfi til kynna að það væri í erlendum myntum. Ákvæði sammings um að skuldin yrði eftir útborgunardag tilgreind með fjárhæð þeirra erlendu mynta eða jafngildi þeirra í öðrum myntum benti einnig til þess. Sama væri að segja um ákvæði um að ef lántaki greiddi afborganir, vexti og dráttarvexti eða aðrar greiðslur í íslenskum krónum skyldi hann greiða samkvæmt sölugengi bankans á gjalddaga. Hins vegar yrði ekki litið fram hjá því að fjárhæð lánsins væri skýrt tilgreind í íslenskum krónum og fjárhæðir hinna erlendu gjaldmiðla kæmu hvergi fram í samningi aðila. Einnig kæmi skýrt fram í beiðni um útborgun lánsins og kaupnótu að lánsfjárhæð var greidd út í íslenskum krónum. Talið var leiða af ákvæðum sammingsins um útborgun að skuldari hafi átt að greiða afborganir og vexti í íslenskum krónum. Af ákvæði um að greiðslur í íslenskum krónum skyldi greiða samkvæmt sölugengi bankans á gjalddaga var talið leiða að upphæð sammingsins væri gengistryggð. Hefði ætlun kröfuhafa verið að lána skuldara í erlendum gjaldmiðlum hefði honum verið í lófa lagið að tilgreina fjárhæðir þessara gjaldmiðla í samningi aðila og greiða það þannig út. Niðurstaðan var því að um væri að ræða skuldbindingu í íslenskum krónum.

Í *Hrd. 9. júní 2011 (155/2011)* var deilt um sams konar skilmála og í áðurnefndum dómum réttarins *Hrd. 8. mars 2011 (30/2011)* og *(31/2011)*. Í fyrri málum réttarins hafði aðeins reynt á lögmæti gengistryggingar í kaupleigusamningum og skuldabréfum með fasteignaveði. Hér var hins vegar deilt um hefðbundinn lánsamning en slíkir samningar innihalda yfirleitt ítarlegri ákvæði heldur en t.d. skuldabréf.<sup>49</sup> Hæstiréttur klofnaði í afstöðu sinni til málsins en niðurstaða meirihluta réttarins var að um væri að ræða lánsamning um íslenskar krónur en minnihlutinn komst að öndverðri niðurstöðu.

*Hrd. 9. júní 2011 (155/2011)*. Meðal annars var deilt um það hvort M hefði tekið á sig skuldbindingu í erlendri mynt eða hvort lán væri í íslenskum krónum og fjárhæð þess bundin við gengi erlendra gjaldmiðla sem voru tilgreindir í samningi aðila. Í forsendum meirihluta Hæstaréttar var vísað til þess að í samningnum kæmi fram að lánið væri fjölmyntalán að

<sup>48</sup> Einar Hugi Bjarnason: „Gildissvið VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu“, bls. 48.

<sup>49</sup> Einar Hugi Bjarnason: „Gildissvið VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu“, bls. 49.

jafnvirði kr. 150.000.000, í tilgreindum gjaldmiðlum, og kveðið var á um hlutföll þeirra. Fjárhæð hvers gjaldmiðils átti að ákveðast einum degi fyrir útborgunardag lánsins, en skuldin yrði eftir það tilgreind með fjárhæð þeirra erlendu gjaldmiðla eða jafnvirði þeirra í öðrum erlendum gjaldmiðlum. Meirihlutinn taldi ljóst að fjárhæð lánsins væri í grunninn tiltekin í íslenskum krónum og að kröfuhafi hefði ekki gefið viðhlítandi skýringar á því hvers vegna fjárhæð lánsins hefði verið tilgreind á þennan hátt ef um lán í erlendum gjaldmiðlum væri að ræða. Vísað var til þess að aðalskylda skuldara hafi verið að greiða vexti og afborganir. Skuldari hafi óskað eftir því að íslenskur tékkareikningur hans hjá bankanum yrði skuldfærður fyrir afborgunum og vöxtum af láninu. Meirihlutinn taldi því ljóst að ætlun aðila hefði verið að greiðslur á gjalddögum færu fram í íslenskum krónum sem síðan hafi orðið raunin. Niðurstaða meirihlutans var því að samningur væri í íslenskum krónum bundnum við gengi erlendra gjaldmiðla. Minnihluti Hæstaréttar komst hins vegar að öndverðri niðurstöðu. Í forsendum sínum vísaði minnihlutinn til meginreglu samningaréttar um frelsi manna til að bindast skuldbindingum með samningum við aðra þannig að samningar teldust gildir nema sýnt væri fram á að þeir færu í bága við ófrávíkjanlegar reglur í settum lögum. Minnihlutinn taldi ljóst samkvæmt texta lánsammans að veitt hefði verið lán í erlendum gjaldmiðlum þó fjárhæð hafi verið ákveðin sem jafnvirði fjárhæðar í íslenskum krónum. Talið var að vilji aðila hefði staðið til að haga skuldbindingunni með þessum hætti.

Meirihluti Hæstaréttar virðist hér leggja til grundvallar að tilgreining skuldbindingar skeri ekki úr um það hvort hún sé í erlendum gjaldmiðlum eða íslenskum krónum. Því var einnig kannað hvernig efndir hennar fóru fram og bentu þær til þess að skuldbindingin hefði í raun verið í íslenskum krónum en ekki í erlendum gjaldmiðlum. Minnihlutinn virðist hins vegar leggja til grundvallar að túlka eigi jafnvirðisorðalagið eftir hljóðan þess og því sé skuldbindingin í erlendum gjaldmiðlum. Minnihlutinn vísar einnig til þess að vilji aðila hafi greinilega staðið til þess að lán væri í erlendum gjaldmiðlum.<sup>50</sup>

Deilt var um sambærilegan lánsamning í *Hrd. 15. júní 2012 (3/2012)*. Hæstiréttur klofnaði í afstöðu sinni til málsins. Meirihluti réttarins, sem skipaður var fjórum dómurum, taldi að um væri að ræða lán í erlendum gjaldmiðlum. Minni hluti réttarins, 3 dómara, taldi hins vegar að samningurinn væri um lánsfé í íslenskum krónum.

*Hrd. 15. júní 2012 (3/2012)*. Á forsíðu lánsammans var tilgreint að hann væri í erlendum myntum. Í samningnum kom meðal annars fram að lantaki tæki að láni „jafnvirði íslenskar krónur ... í eftirfarandi erlendum myntum ...“. Tekið var fram að lánið bæri að endurgreiða í þeim gjaldmiðlum sem það samanstæði af. Í forsendum meirihluta Hæstaréttar kemur fram að úrlausn ágreinings aðila ráðist fyrst og fremst af skýringu á texta lánsammansins en hafa beri í huga meginreglu íslensks réttar um frelsi manna til að bindast skuldbindingum með samningum, sem telja verður að gildi nema sýnt sé fram á að þeir fari í bága við ófrávíkjanlegar reglur í settum lögum. Hæstiréttur taldi að samningurinn sem þetta mál fjallaði um væri að nokkru leyti frábrugðinn þeim sem fjallað var um í *Hrd. 9. júní 2011 (155/2011)*. Hér var samningur nefndur „Lánsamningur í erlendum myntum“. Í báðum málum var fjárhæð lánsins ekki getið í erlendum gjaldmiðlum heldur komu aðeins fram hlutföll þeirra og að miðað yrði við gengi krónunnar á tilteknum degi. Í *Hrd. 9. júní 2011 (155/2011)* var tekið fram að vísun til erlendra gjaldmiðla gæti ein og sér ekki nægt til þess að lánið teldist vera í þeim og því var kannað hvernig skyldur sammansaðila voru efndar. Ákvæði um myntbreytingu var með öðrum hætti en

<sup>50</sup> Stefán A. Svensson: „Hvenær telst lán vera erlent?“, bls. 15.

í hinu fyrra máli. Meirihlutinn vísað einnig til þess að lánsfjárhæðin hefði við útborgun verið lögð inn á gjaldeyrisreikning skuldara hjá kröfuhafa í þeim erlendu gjaldmiðlum sem samningur þeirra kvað á um. Greiðslur afborgana og vaxta fóru fram með því að gjaldeyrisreikningar skuldara voru skuldfærðir hverju sinni. Þannig hefðu samningsaðilar báðir efnt skyldur sínar með því að fjárhæðir í erlendum myntum skiptu um hendur. Niðurstaða meirihlutans var því að hér hefði verið um að ræða lán í erlendum gjaldmiðlum. Í sératkvæði þriggja dómara minnihluta Hæstaréttar var tekið fram að þegar skorið væri úr því hvort lánsamningur væri um lánsfé í íslenskum krónum eða ekki, skipti orðalag samnings mestu máli en önnur atriði gætu einnig haft þýðingu. Minnihlutinn leit til yfirskriftar lánsamningsins, þar sem fram kom að hann væri „Lánsamningur í erlendum myntum.“ Vísað var til þess að lánsfjárhæðin var aðeins tilgreind í íslenskum krónum þannig að skuldari lofaði að taka að láni jafnvirði ákveðinnar upphæðar í íslenskum krónum í erlendum myntum. Minnihlutinn vísaði til niðurstöðu Hæstaréttar í *Hrd. 9. júní 2011 (155/2011)* og komst að því að um væri að ræða samning um lánsfé í íslenskum krónum sem bundið væri við gengi erlendra gjaldmiðla. Tekið var fram að atriði sem lytu að framkvæmd á greiðslu lánsins og greiðslum afborgana breyttu því ekki því að eðli lánsins hafi verið að það væri í íslenskum krónum. Málsaðilar hefðu hins vegar komið sér saman um að klæða lánið í búning erlends láns þar sem lánskjör slíkra lána voru hagstæðari en lána í íslenskum krónum á þeim tíma sem samningurinn var gerður.

Af forsendum meirihluta Hæstaréttar í framangreindu máli er ljóst að rétturinn lítur fyrst til texta lánsamningsins og skoðar heiti hans og tilgreiningu lánsfjárhæðar. Meirihlutinn virðist hins vegar telja að hann geti ekki reist niðurstöðu sína á textaskýringu einni sér og því er skoðað hvernig framkvæmd samningsins fór fram, þ.e. útborgun lánsfjárhæðar og endurgreiðslur. Minnihlutinn taldi hins vegar að atriði sem vörðuðu greiðslu lánsins breyttu því ekki að hann væri samkvæmt eðli sínu lánsamningur í íslenskum krónum.

Á svipaðan lánsamning reyndi í *Hrd. 1. nóvember 2012 (66/2012)*. Lykilatriði virðist hafa verið að lánið var greitt inn á fjóra gjaldeyrisreikninga sem heimilt var að skuldfæra fyrir greiðslu afborgana og vaxta. Því var talið að fé í erlendum gjaldmiðlum hefði raunverulega skipt um hendur.

*Hrd. 1. nóvember 2012 (66/2012)*. Í lánsamningi kom fram að lántaki tæki að láni „að jafnvirði íslenskar krónur ... í eftirfarandi myntum ...“. Hæstiréttur vísaði til *Hrd. 15. júní 2012 (3/2012)* og taldi atvik sambærileg. Sá munur var þó á að í fyrirsögn þessa samnings var hann sagður vera „lánsamningur“ en ekki „lánsamningur í erlendum myntum“ eins og hafði verið í fyrra málinu. Hæstiréttur tók fram að sá munur gæti ekki einn út af fyrir sig ráðið niðurstöðu um skýringu þessara samninga og því yrði, líkt og í hinu fyrra máli réttarins, að gæta að því hvernig háttað væri ákvæðum samnings um efndir og hvernig staðið væri að þeim í raun. Lánið hafði verið greitt inn á fjóra tilgreinda gjaldeyrisreikninga lántaka. Af þessu þótti ljóst að fé í erlendum gjaldmiðlum skipti raunverulega um hendur þegar lánveitandi efndi aðalskyldu sína samkvæmt lánsamningnum. Lánveitanda var heimilt að skuldfæra áður nefnda fjóra gjaldeyrisreikninga fyrir greiðslu afborgana og vaxta. Í lánsamningnum kom einnig fram að lánið bæri að endurgreiða í þeim gjaldmiðlum sem það samanstóð af. Samkvæmt þessu hafði í samningi verið gengið út frá því að fé í erlendum gjaldmiðlum myndi skipta um hendur við efndir lántaka á aðalskyldu sinni. Hæstiréttur lagði því til grundvallar að lánið væri í erlendum gjaldmiðlum og félli þar af leiðandi ekki undir reglur VI. kafla vxl.

Í *Hrd. 11. júní 2012 (332/2012)* var enn á ný deilt um það hvort lán væri í íslenskum krónum eða erlendum gjaldmiðlum. Ekki verður með skýrum hætti ráðið af forsendum dómsins hvaða atriði hafi vegið þyngst.

*Hrd. 11. júní 2012 (332/2012)*. Aðilar höfðu gert með sér lánssamning sem bar heitið „Lánssamningur (lán í erlendum gjaldmiðlum)“. Varðandi fjárhæð lánsins kom fram að hún væri „... að jafnvirði ... í íslenskum krónum og/eða erlendum myntum ...“. Í samningnum kom fram að lántaki skyldi endurgreiða lánið með eingreiðslu, í þeim gjaldmiðlum sem það samanstóð af. Einnig kom fram að ef um vanefndir yrði að ræða væri lánveitanda heimilt að umreikna lánið í íslenskar krónur miðað við sölugengi lánveitanda í lok gjaldfellingardags „á þeim myntum sem lánið samanstendur af.“ Lántaki hafði óskað eftir því að lánið yrði greitt út í evrum og fjárhæðin lögð inn á gjaldeyrisreikning hans. Á skjali sem bar yfirskriftina „Kaupnóta lánssamnings“ kom fram að heildarlánsfjárhæð væri tilekin fjárhæð í evrum en það sama kom fram á skjali sem bar heitið „Gjaldeyrispöntun“. Hæstiréttur taldi, að virtu því sem áður hefur verið rakið, að hér væri um að ræða lán í erlendum gjaldmiðlum.

Hæstiréttur hefur haldið áfram að beita fyrrgreindri aðferðarfræði í nýlegri málum eins og ráða má af *Hrd. 21. nóvember 2013 (391/2013)* og *Hrd. 12. febrúar 2015 (406/2014)*.<sup>51</sup>

*Hrd. 21. nóvember 2013 (391/2013)*. Í forsendum Hæstaréttar kemur fram að þegar leyst hefur verið úr því hvort samningur hafi verið gerður um lán í erlendri mynt eða hvort um sé að ræða lán í íslenskum krónum bundið við gengi erlendra mynta hefur Hæstiréttur fyrst og fremst lagt til grundvallar texta lánssamnings þar sem lýst er þeim skuldbindingum sem aðilarnir hafa tekist á hendur. Stefnda hafði óskað eftir fjölmyntareikningsláni „að jafnvirði“ tiltekinnar fjárhæðar í íslenskum krónum. Eina tilgreiningin á fjárhæð lánsins var í íslenskum krónum en hvergi var getið um hana í erlendum gjaldmiðlum, heldur aðeins hlutfall þeirra. Þegar svo hefði háttað til hefur í dómafrankvæmd Hæstaréttar verið lagt til grundvallar að orðalag skuldbindingarinnar ráði ekki eitt úrslitum heldur verði að líta til annarra atriða og þá einkum til þess hvernig gert var ráð fyrir í samningi að skyldur aðila yrðu efndar og hvernig efndir þeirra fóru fram. Hæstiréttur vísaði til fyrri dóma réttarins í málum *Hrd. 9. júní 2011 (155/2011)*, *Hrd. 15. júní 2012 (3/2012)* og *Hrd. 1. nóvember 2012 (66/2012)*. Í þeim samningi sem hér var undir var gert ráð fyrir því að lán yrði greitt inn á bankareikning stefndu, sem var í íslenskum krónum, og skuldfært af sama reikningi á gjalddaga. Þannig var miðað við að skyldur beggja samningsaðila yrðu efndar með greiðslu í íslenskum krónum sem síðar varð raunin. Niðurstaða Hæstaréttar var því að lánið væri í íslenskum krónum bundið við gengi erlendra gjaldmiðla og færi því í bága við ákvæði vxl.

*Hrd. 12. febrúar 2015 (406/2014)*. H hf. höfðaði mál á hendur Í hf. og krafðist viðurkenningar á því að lánssamningur hans og forvera Í hf. væri í íslenskum krónum bundinn við gengi erlendra gjaldmiðla. Í dómi héraðsdóms, sem staðfestur var í Hæstarétti, kom fram að þegar ákvæði samnings gæfu ekki skýrt til kynna hvort skuldbinding aðila væri í íslenskum krónum bundnum við gengi erlendra gjaldmiðla eða erlendum gjaldmiðlum yrði í samræmi við dóma Hæstaréttar að meta samning heildstætt. Fyrst var litið til þess að samningur var á forsíðu sagður vera um lán í erlendum gjaldmiðlum. Í samningnum kom fram að hann væri í erlendum gjaldmiðlum að jafnvirði tiltekinnar fjárhæðar í íslenskum krónum. Kveðið var á um heimild lántaka til að skuldfæra gjaldeyrisreikning lántaka. Héraðsdómur benti á að lánið hefði verið greitt inn á

<sup>51</sup> Í þessu samhengi má einnig nefna dóma réttarins í *Hrd. 27. mars 2014 (750/2013)* og *Hrd. 12. febrúar 2015 (369/2014)*.

gjalddeyrisreikning og óumdeilt var að gjalddeyrisreikningar lántaka hefðu verið skuldfærðir fyrir afborgunum og vöxtum af láninu. Samkvæmt því var lítið svo á að fjárhæðir í erlendum gjaldmiðlum hefðu skipt um hendur. Niðurstaða héraðsdóms var því að samið hefði verið um lán í erlendum gjaldmiðlum. Hæstiréttur staðfesti héraðsdóm með vísan til forsendna hans.

Ef lítið er heildstætt á forsendur Hæstaréttar í þeim dómum sem varðað hafa skuldbindingar þar sem fjárhæð er tilgreind sem jafnvirði fjárhæðar í íslenskum krónum sem skiptast skal eftir nánar tilteknum hlutföllum í erlendar myntir er ljóst að Hæstiréttur telur ekki hægt að byggja niðurstöðu á orðalagi þeirra einu sér, sbr. ummæli réttarins í *Hrd. 21. nóvember 2013 (391/2013)*. Því eru ýmis önnur atriði könnuð en mestu máli virðist skipta hvort efndir hafi farið fram í hinum erlendu gjaldmiðlum eða íslenskum krónum.<sup>52</sup>

#### 5.4.4 Óhefðbundnir lánssamningar

*Hrd. 25. október 2012 (19/2012)* er ólíkur þeim málum sem áður hafa verið rakin en þar var ekki deilt um hefðbundinn lánssamning heldur um svokallaða lánalínu.

*Hrd. 25. október 2012 (19/2012)*. Gerður hafði verið samningur um svonefnda lánalínu en fram kom að „fjárhæð lánsheimildar“ væri „hámarksupphæð sem er að jafnvirði ISK 234.000.000“. Kveðið var á um það að lánið skyldi bera LIBOR vexti. Í samningi aðila var hvorki að finna yfirlýsingu um að áfrýjandi stæði í tiltekinni skuld né myndaði hann kröfuréttindi bankans á hendur áfrýjanda. Hins vegar var í samningnum settur rammi um lánsviðskipti aðila. Hæstiréttur taldi að það eitt að heildarumfang lánsviðskipta hafi verið afmarkað í samningnum með tilgreiningu á jafngildi fjárhæðar í íslenskum krónum gæti ekki skipt máli. Ekki lá fyrir skjal með beinni skuldaviðurkenningu áfrýjanda sem taka mætti mið af við mat á því hvort bankinn hefði veitt henni lán í erlendum gjaldmiðli eða íslenskum krónum. Hæstiréttur leit til þess að útborgun af lánalínunni átti að fara fram í svissneskum frönskum og áttu afborganir af höfuðstól og vextir að greiðast í sömu mynt. Að öllu þessu virtu taldi Hæstiréttur að um væri að ræða lán í erlendum gjaldmiðli.

Í *Hrd. 25. október 2012 (467/2011)* var deilt um það hvort skuld vegna yfirdráttar á gjalddeyrisreikningi teldist vera í erlendum gjaldmiðli eða hvort um hefði verið að ræða lán í íslenskum krónum bundið gengi erlends gjaldmiðils.

*Hrd. 25. október 2012 (467/2011)*. Í málinu krafði Í hf. M um greiðslu skuldar á gjalddeyrisreikningi hennar. M hafði stofnað gjalddeyrisreikning í bandaríkjadöllum hjá G hf., forvera Í hf. Heimilt hafði verið að yfirdruga reikninginn. Yfirdráttur á reikningnum nam „... bandaríkjadöllum eða jafnvirði ... króna ...“. Hæstiréttur taldi að með því að hagnýta sér heimild til yfirdráttar á gjalddeyrisreikningi hefði M stofnað til skuldar í mynt viðkomandi reiknings. Ekki skipti máli þó útborgun af reikningnum í bandaríkjadöllum hafi verið ráðstafað til að greiða skuld í krónum í öðrum viðskiptum. Hér var því talið að um væri að ræða gilt lán í erlendum gjaldmiðli.

<sup>52</sup> Stefán A. Svensson: „Hvenær telst lán vera erlent?“, bls. 16.

#### 5.4.5 Skuldbindingar tilgreindar í erlendum gjaldmiðlum

Áður hafa verið raktir dómur Hæstaréttar þar sem deilt hefur verið um skuldbindingar þar sem fjárhæðir voru ýmist tilgreindar í íslenskum krónum eða jafnvirði fjárhæðar í íslenskum krónum er skiptast skyldi eftir ákveðnum hlutföllum í tvær eða fleiri erlendar myntir. Í þessum kafla verða hins vegar kannaðir dómur Hæstaréttar þar sem deilt er um skuldbindingar sem tilgreindar eru í erlendum gjaldmiðlum, þ.e. höfuðstóll lánskuldbindingar er tilgreindur í viðkomandi erlendum gjaldmiðli.

Fyrst reyndi á slíka skuldbindingu í *Hrd. 3. nóvember 2011 (520/2011)*. Héraðsdómur hafði vísað málinu frá dómi með vísan til þess að kröfu lánveitanda skorti lagastoð, en málalátillitnaður hans hafði verið reistur á því að um væri að ræða erlent lán.

*Hrd. 3. nóvember 2011 (520/2011)*. Í málinu var deilt um skuldabréf sem bar heitið „Skuldabréf í erlendum gjaldmiðlum“. Í héraði var talið að um „... sambærilega lántöku og fjallað hefði verið um í dómum Hæstaréttar í málum nr. 92/2010, 153/2010, 603/2010, 604/2010, 30/2011 og 155/2011.“ Hæstiréttur taldi að skuldabréfið væri ekki sambærilegt þeim skuldabréfum sem fjallað hafði verið um í fyrri dómum réttarins þar sem fjárhæð skuldbindingar kom skýrt fram í erlendum gjaldmiðlum þar sem fjárhæð skuldbindingar var tilgreind. Hæstiréttur vísað til fyrri dóma réttarins í málum *Hrd. 16. júní 2010 (92/2010)* og *Hrd. 16. júní 2010 (153/2010)* um það að skuldbinding í erlendum gjaldmiðli væri ekki andstæð ákvæðum vxl. Framangreindir dómur réttarins væru því ekki fordæmi fyrir ólögmati þeirrar skuldbindingar sem fjallað var um í þessu máli. Hinn kærði úrskurður var því felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til meðferðar lögum samkvæmt.

Þessi afstaða Hæstaréttar var síðan ítrekuð í *Hrd. 23. nóvember 2011 (551/2011)* og *Hrd. 23. nóvember 2011 (552/2011)*. Þann fyrirvara verður hins vegar að gera við dóma Hæstaréttar sem nefndir hafa verið í þessum kafla að um var að ræða kærsmål, þar sem útivist hafði orðið af hálfu lántaka í héraði og því er fordæmisgildi málanna takmarkað.<sup>53</sup> Hæstiréttur komst að svipaðri niðurstöðu í *Hrd. 7. júní 2012 (524/2011)* sem verður að telja þýðingamikið fordæmi þar sem málið var dæmt af sjö dómurum og ekki var um kærsmål að ræða.

*Hrd. 7. júní 2012 (524/2011)*. Við úrlausn á því hvort um væri að ræða gilt lán í erlendum gjaldmiðlum leit Hæstiréttur í fyrsta lagi til heitis skuldabréfsins en fyrirsögn þess var „Skuldabréf í erlendum gjaldmiðlum.“ Í öðru lagi var litið til þess að samkvæmt orðalagi skuldabréfsins var lánsfjárhæðin fyrst tilgreind í þremur erlendum gjaldmiðlum og síðan jafnvirði lánsins í íslenskum krónum. Í þriðja lagi voru vextir til samræmis við það að um erlent lán væri að ræða, LIBOR og EURIBOR vextir. Í fjórða lagi var litið til skilmálabreytingar en fyrirsögn hennar var „Skilmálabreyting skuldabréfs í erlendum myntum/mynteiningum“ og var jafnvirðisfjárhæðar í íslenskum krónum ekki getið þar. Hæstiréttur taldi því að hér hefði verið tekið gilt lán í hinum tilgreindu erlendu gjaldmiðlum.

<sup>53</sup> Einar Hugi Bjarnason: „Gildissvið VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu“, bls. 53.

Af framangreindri reifun má ráða að Hæstiréttur hafi framkvæmt heildstætt mat á efni samningsskilmálanna og fylgiskjala samningsins. Mestu máli virðist hafa skipt að fjárhæðir hinna erlendu gjaldmiðla voru tilgreindar sérstaklega. Ekki var talið skipta máli þó vísað væri til jafnvirðis hinna erlendu gjaldmiðla í íslenskum krónum í texta skuldabréfsins.<sup>54</sup>

Svipað var uppi á teningnum í *Hrd. 27. september 2012 (50/2012)* en þar voru fjárhæðir hinna erlendu gjaldmiðla einnig tilgreindar sérstaklega í texta lánessamningsins sem deilt var um.

*Hrd. 27. september 2012 (50/2012)*. Í forsendum héraðsdóms sem Hæstiréttur staðfesti kom fram að eina tilgreining fjárhæðar lánsins var í erlendum gjaldmiðlum en hvergi í samningnum var vikið að fjárhæð skuldarinnar í íslenskum krónum. Stefndi var ekki talinn hafa gefið viðhlítandi skýringu á því hvers vegna fjárhæð lánsins væri ákveðin með þessu móti ef til stóð að lánið væri í íslenskum krónum. Talið var að óhætt væri að slá því föstu að vilji lánveitanda og stefnda hafi staðið til þess að lánið væri veitt í erlendum gjaldmiðlum. Niðurstaðan var því að um væri að ræða lán í erlendum gjaldmiðlum.

Í þessu samhengi má einnig nefna *Hrd. 16. maí 2013 (757/2012)* en þar vísað Hæstiréttur í forsendum sínum til fyrri dóms réttarins *Hrd. 7. júní 2012 (524/2011)*.

*Hrd. 16. maí 2013 (757/2012)*. Í forsendum héraðsdóms, sem Hæstiréttur staðfesti, var vísað til þess að samkvæmt fyrri dómum Hæstaréttar skipti fyrst og fremst máli form og meginefni þeirra gerninga sem lægju til grundvallar skuldbindingu, þá einkum hvernig sjálf skuldbindingin væri tilgreind. Vísað var sérstaklega til *Hrd. 7. júní 2012 (524/2011)* en þar var talið að fyrst yrði að líta til heitis skuldabréfs sem deilt væri um í málinu. Veðskuldabréfið sem hér var deilt um bar heitið „Veðskuldabréf í erlendri mynt“. Í öðru lagi yrði litið til tilgreiningar lánsfjárhæðar. Í máli þessu var upphafleg lánsfjárhæð í skuldabréfi tilgreind í erlendum gjaldmiðlum en ekki var getið jafnvirðis í íslenskum krónum en þetta gæfi vísbendingar um að hér væri um að ræða skuldbindingu í erlendum gjaldmiðlum. Í þriðja lagi yrði að líta til vaxtakjara. Hér voru vextir tilgreindir sem LIBOR vextir og taldi héraðsdómur það renna stóðum undir að hér væri um erlent lán að ræða. Í fjórða lagi yrði að líta til skilmálabreytinga skuldabréfsins. Skilmálabreytingar höfðu verið gerðar en myntsamsetningu hafði ekki verið breytt. Héraðsdómur benti einnig á að samkvæmt niðurstöðu Hæstaréttar í *Hrd. 7. júní 2012 (524/2011)* yrði ályktað að ekki skipti máli þó greiðslur færu fram í íslenskum krónum þegar skýrt kæmi fram í lánessamningi að skuld væri í erlendum gjaldmiðlum. Niðurstaðan var því að um væri að ræða lán í erlendum gjaldmiðlum.

Sem dæmi um nýlegri dóm Hæstaréttar má nefna *Hrd. 11. desember 2014 (292/2014)*.<sup>55</sup>

*Hrd. 11. desember 2014 (292/2014)*. Á forsiðu lánessamnings sagði að um væri að ræða lánessamning í erlendum myntum. Í samningnum kom fram að stefndi lofaði að taka að láni og sparisjóðurinn að lána „jafnvirði ... ISK í eftirtöldum myntum ...“. Með skírskotun til þess að heiti lánessamningsins bar með sér að um væri að ræða skuldbindingu í erlendum myntum og

<sup>54</sup> Einar Hugi Bjarnason: „Gildissvið VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu“, bls. 56.

<sup>55</sup> Sambærilega niðurstöðu er að finna í *Hrd. 5. júní 2014 (25/2014)* og *Hrd. 11. desember 2014 (235/2014)*.



enn frekar að þar væri hún nákvæmlega tilgreind í tveimur gjaldmiðlum var fallist á það með áfrýjanda að skuld stefnda hafi verið ákveðin í erlendum gjaldmiðlum og var vísað til fyrri dóma réttarins *Hrd. 23. nóvember 2011 (551/2011)* og *Hrd. 5. júní 2014 (25/2014)*.

Í framangreindum málum virðist mestu máli hafa skipt að lánskuldbindingin var tilgreind í hinum erlendu gjaldmiðlum. Ekki virðist skipta máli þó einnig sé vísað til jafnvirðis hinna erlendu gjaldmiðla í íslenskum krónum, sbr. *Hrd. 7. júní 2012 (524/2011)*. Ýmis önnur atriði virðast einnig vera könnuð svo sem heiti eða skuldbindingar, vilji aðila, vextir og skilmálabreytingar.

## 6 Ályktanir af dómaframkvæmd

### 6.1 Tilgreining höfuðstóls og framkvæmd samnings

Af áðurreifaðri dómaframkvæmd virðist mega ráða að aðaláhersla Hæstaréttar hafi verið á það hvernig höfuðstóll skuldbindingar er tilgreindur. Ef höfuðstóll er tilgreindur í íslenskum krónum og einnig kemur fram að hann sé bundinn við gengi erlendra gjaldmiðla er líklegt að um sé að ræða ólögmeta gengistryggingu, sbr. *Hrd. 16. júní 2010 (92/2010)* og *Hrd. 16. júní 2010 (153/2010)*. Þessi afstaða Hæstaréttar samrýmist því sem fram kemur í lögskýringargögnum með vxl., að með lögunum hafi átt að fella niður heimildir til gengistryggingar.<sup>56</sup> Mestu máli virðist skipta hvernig fjárhæð skuldbindingar er tilgreind, hvernig greiðslur áttu að fara fram samkvæmt samningi og hvernig þær fóru fram í raun. Einnig er litið til annarra atriða svo sem til yfirskriftar samninga en nánar verður komið inn á það í næsta kafla.

Ef höfuðstóll skuldbindingar er tilgreindur sem jafnvirði fjárhæðar í íslenskum krónum sem skiptast skal eftir nánar tilgreindum hlutföllum í erlendar myntir, þá virðist Hæstiréttur leggja til grundvallar að tilgreining skuldbindingar sem slík skeri ekki úr um það hvort hún sé í erlendum gjaldmiðlum eða íslenskum krónum. Hæstiréttur virðist þá framkvæma heildarmat á aðstæðum hverju sinni. Horfa þurfi til ýmissa atriða, en áherslan virðist fyrst og fremst vera lögð á textaskýringu, sbr. *Hrd. 15. júní 2012 (3/2012)*. Rétturinn virðist hins vegar ekki telja að hægt sé að byggja á orðalagi lánsamnings einu sér, heldur er einnig höfð hliðsjón af öðrum atriðum, svo sem hvernig samningur aðila gerði ráð fyrir að umrædd skuldbinding yrði efnd og hvernig efndir fóru fram í raun og veru, sbr. *Hrd. 9. júní 2011 (155/2011)*. Lykilatriði virðist vera hvort erlend mynt hafi raunverulega skipt um hendur. Útgreiðsla lánsfjárhæðar getur skipt máli í þessu samhengi. Ef lánsfjárhæð var greidd inn á gjaldeyrisreikning lántaka

<sup>56</sup> Alpt. 2000-2001, A-deild, bls. 3677.

þá virðist það vera vísbending um að lánið sé erlent, sbr. *Hrd. 11. júní 2012 (332/2012)*. Í öðrum málum sem komið hafa fyrir Hæstarétt svo sem *Hrd. 9. júní 2011 (155/2011)* voru lánsfjárhæðir hins vegar greiddar til lántaka í íslenskum krónum og niðurstaðan var að um væri að ræða lán í íslenskum krónum.

Ef höfuðstóll er tilgreindur í erlendum gjaldmiðlum þá verður að telja afar líklegt að um sé að ræða gilt lán í erlendum gjaldmiðlum. Tilgreining fjárhæðar skuldbindingarinnar virðist skipta mestu máli en Hæstiréttur virðist þó einnig hafa hliðsjón af atriðum eins og heiti skuldabréfsins og vaxtakjörum. Ef gerðar hafa verið skilmálabreytingar þá eru þær einnig kannaðar, sbr. *Hrd. 16. maí 2013 (757/2012)*. Ekki virðist skipta máli þó vísað sé til jafnvirðis hinna erlendu gjaldmiðla í íslenskum krónum í texta skuldabréfs, sbr. *Hrd. 7. júní 2012 (524/2011)* sem áður hefur verið reifaður.

Þegar um er að ræða óhefðbundna lánsamninga, þar sem ekki liggur fyrir bein skuldaviðurkenning lántaka, virðist Hæstiréttur fyrst og fremst hafa hliðsjón af því hvernig útgreiðsla lánsfjárhæðar fór fram og því hvernig endurgreiðslur fóru fram, sbr. *Hrd. 25. október 2012 (467/2011)*.

Samandregið virðist aðaláherslan vera lögð á það hvernig skuldbinding er tilgreind í lánsamningi. Ef höfuðstóll skuldbindingar er tilgreindur skýrlega, annað hvort í erlendum gjaldmiðlum eða í íslenskum krónum, þá virðist það iðulega vera lagt til grundvallar. Sé höfuðstóll skuldbindingar hins vegar tilgreindur sem jafnvirði íslenskra króna í erlendum gjaldmiðlum þá hefur einnig verið litið til annarra atriða, og þá sérstaklega hvernig efndir samnings fóru fram. Ljóst er af áðurreifaðri dómaframkvæmd að ýmis önnur atriði en tilgreining skuldbindingar geta haft áhrif þó þau virðist ekki ráða úrslitum ein og sér.<sup>57</sup>

## 6.2 Önnur atriði

Eins og áður hefur komið fram virðist Hæstiréttur telja að tilgreining höfuðstóls taki iðulega af skarið um það hvort lán sé í íslenskum krónum eða erlendri mynt. Hins vegar er ljóst af áðurreifaðri dómaframkvæmd að Hæstiréttur hefur einnig hliðsjón af öðrum atriðum við mat á eðli skuldbindinga. Þessi atriði virðast hafa meiri þýðingu þegar fjárhæð skuldbindingar er tilgreind sem jafnvirði fjárhæðar í íslenskum krónum sem skiptast skal í erlendra gjaldmiðla eftir nánar tilgreindum hlutföllum.<sup>58</sup>

Ákveðna vísbendingu um eðli skuldbindingar getur verið að finna í hugtakanotkun lánsamnings. Þannig verður að telja að ef hugtakið „gengistrygging“ er að finna í skilmálum

<sup>57</sup> Stefán A. Svansson: „Hvenær telst lán vera erlent?“, bls. 20.

<sup>58</sup> Einar Hugi Bjarnason: „Gildissvið VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu“, bls. 66.

lánsskuldbindingar þá séu miklar líkur á því að lán sé í íslenskum krónum enda er engin þörf á því að kveða á um gengistryggingu ef lán er raunverulega í erlendum gjaldmiðlum, sbr. *Hrd. 14. febrúar 2011 (604/2010)*.<sup>59</sup>

Fyrirsögn eða yfirskrift lánsskuldbindingar getur einnig gefið til kynna hvert raunverulegt eðli skuldbindingarinnar sé, sbr. *Hrd. 7. júní 2012 (524/2011)*. Þar leit Hæstiréttur meðal annars til heitis skuldabréfsins en fyrirsögn þess var „Skuldabréf í erlendum gjaldmiðlum“. Niðurstaða Hæstaréttar var að um væri að ræða gilt lán í erlendum gjaldmiðlum. Þess eru þó dæmi að Hæstiréttur hafi talið lán vera í íslenskum krónum bundið við gengi erlendra gjaldmiðla þó svo að í fyrirsögn lánssamnings komi fram að um sé að ræða lán í erlendri mynt, sbr. *Hrd. 14. febrúar 2011 (603/2010)*.

Hæstiréttur hefur kannað hvernig vextir eru tilgreindir í viðkomandi samningsskilmálum. Séu vextir miðaðir við LIBOR eða EURIBOR vexti þá gefur slíkt til kynna að um lán í erlendum gjaldmiðlum sé að ræða, sbr. t.d. *Hrd. 9. júní 2011 (524/2011)*. Í forsendum Hæstaréttar kemur meðal annars fram að vextir samkvæmt skuldabréfinu, sem tilgreindir voru sem LIBOR og EURIBOR vextir, séu til samræmis því að um erlent lán sé að ræða.

Hæstiréttur hefur einnig haft hliðsjón af öðrum gögnum heldur en skilmálum lánssamninga. Sem dæmi um fylgigögn af þessu tagi má nefna kaupnótur, gjaldeyrispantanir og skilmálabreytingar, sbr. *Hrd. 16. maí 2013 (757/2012)*. Í nokkrum tilvikum hefur rétturinn vísað til huglægrar afstöðu samningsaðila við samningsgerð, þ.e. hvort vilji samningsaðila hafi staðið til þess að skuldbinding væri í íslenskum krónum eða erlendum gjaldmiðlum, sbr. *Hrd. 27. september 2012 (50/2012)*. Þar taldi Hæstiréttur að vilji aðila hefði staðið til þess að lán yrði veitt í erlendum gjaldmiðlum.

Rétturinn hefur einnig vísað til meginreglu samningaréttar um samningsfrelsið, nánar til tekið frelsi manna til að bindast skuldbindingum með samningum við aðra þannig að samningar teljist gildir nema sýnt sé fram á að þeir fari í bága við ófrávíkjanlegar reglur í settum lögum, sbr. *Hrd. 15. júní 2012 (3/2012)*.

Varðandi sönnunarbyrði um eðli skuldbindingar þá virðist rétturinn hafa stuðst við andskýringarregluna, sbr. ummæli Hæstaréttar í *Hrd. 8. mars 2011 (30/2011)*. Þar tók Hæstiréttur fram að ef ætlun kröfuhafa hefði verið að lána í erlendum gjaldmiðlum, hefði honum verið í lófa lagið að tilgreina fjárhæðir gjaldmiðla í samningi aðila og greiða lánið þannig út.

---

<sup>59</sup> Einar Hugi Bjarnason: „Gildissvið VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu“, bls. 66-67.

## 7 Lokaorð

Samningsákvæði sem binda skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla eru ein tegund verðtryggingar.<sup>60</sup> Reglur um verðtryggingu er að finna í VI. kafla vxl. en ljóst er af 2. gr. laganna að ákvæði kaflans eru ófrávíkjanleg. Samkvæmt 13. gr. og 14. gr. vxl. er óheimilt að binda lán í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla. Um er að ræða ófrávíkjanlegar reglur sem fela í sér undantekningu frá meginreglu samningaréttar um samningsfrelsi.

Gildissvið VI. kafla vxl. er nánar afmarkað í 1. mgr. 13. gr. laganna. Þar kemur fram að ákvæði kaflans gildi um skuldbindingar sem varða sparifé og lánsfé í íslenskum krónum. Af þessu leiðir að þau tilvik þar sem lánaður er erlendur gjaldmiðill falla utan gildissviðs kaflans.<sup>61</sup> Mörg mál hafa verið rekin fyrir dómstólum þar sem tekist hefur verið á um hvort tiltekin skuldbinding sé í íslenskum krónum eða erlendum gjaldmiðlum.

Ef skoðaðar eru þær tegundir lánskuldbindinga sem helst hefur reynt á í Hæstarétti verður að telja að hægt sé að greina þær í þrjá flokka, eftir því hvernig höfuðstóll þeirra tilgreindur. Í fyrsta lagi eru þær skuldbindingar þar sem höfuðstóll er tilgreindur í íslenskum krónum og fram kemur að þær séu gengistryggðar. Í öðru lagi eru þær skuldbindingar sem tilgreindar eru sem jafnvirði fjárhæðar í íslenskum krónum sem skiptast skal eftir ákveðnum hlutföllum í erlendar myntir. Í þriðja lagi eru það skuldbindingar þar sem hin erlenda fjárhæð er sérstaklega tilgreind.<sup>62</sup> Auk áður nefndra þriggja flokka má einnig nefna óhefðbundna lánsamninga, en það eru samningar þar sem ekki liggur fyrir bein skuldaviðurkenning lántaka.

Ef höfuðstóll er tilgreindur í íslenskum krónum og fram kemur að hann sé bundinn við gengi erlendra gjaldmiðla er líklegt að um sé að ræða ólögmeta gengistryggingu, sbr. *Hrd. 16. júní 2010 (92/2010)*. Slíkt samræmist lögskýringargögnum með vxl. þar sem fram kemur að með lögnum hafi átt að fella niður heimildir til gengistryggingar.<sup>63</sup>

Ef lánskuldbinding er tilgreind sem jafnvirði fjárhæðar í íslenskum krónum sem skiptast skal eftir nánar tilgreindum hlutföllum í erlendar myntir þá virðist Hæstiréttur telja að tilgreining skuldbindingar sem slík skeri ekki úr um það hvort hún sé í íslenskum krónum eða erlendum gjaldmiðlum. Hæstiréttur virðist þá framkvæma heildarmat á aðstæðum hverju sinni. Telja verður að í því samhengi skipti ákvæði samnings um efndir miklu máli, sem og það hvernig efndir fóru í raun fram. Lykilatriði virðist vera að staðreyna hvort erlend mynd

<sup>60</sup> Eyvindur G. Gunnarsson: „Um gengistryggð lán og verðtryggingu“, bls. 325.

<sup>61</sup> Einar Hugl Bjarnason: „Gildissvið VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu“, bls. 19.

<sup>62</sup> Stefán A. Svensson: „Hvenær telst lán vera erlent?“, bls. 12.

<sup>63</sup> Alpt. 2000-2001, A-deild, bls. 3677.

hafi í raun skipt um hendur, sbr. *Hrd. 1. nóvember 2012 (66/2012)*. Hæstiréttur hefur haldið áfram að beita áður nefndri aðferðarfræði eins og ráða má af nýlegri dómaframkvæmd, sbr. *Hrd. 12. febrúar 2015 (406/2014)*.

Hvað varðar óhefðbundna láns samninga þá virðist Hæstiréttur fyrst og fremst hafa hliðsjón af því hvernig útgreiðsla lánsfjárhæðar fór fram og því hvernig endurgreiðslur fóru fram, sbr. *Hrd. 25. október 2012 (467/2011)*.

Ef höfuðstóll er tilgreindur í erlendum gjaldmiðlum þá verður að telja líkur á því að um sé að ræða gilt lán í erlendum gjaldmiðlum. Mestu máli virðist skipta hvernig lánsfjárhæð er tilgreind en Hæstiréttur virðist þó einnig hafa hliðsjón af öðrum atriðum. Ekki virðist skipta máli þó vísað sé til jafnvirðis hinna erlendu gjaldmiðla í íslenskum krónum í texta skuldabréfs, sbr. *Hrd. 7. júní 2012 (524/2011)*.

Önnur atriði en tilgreining höfuðstóls geta einnig haft þýðingu þegar Hæstiréttur metur hvert eðli skuldbindingar sé. Þessi atriði virðast þó hafa meiri þýðingu þegar lánsfjárhæð er tilgreind sem jafnvirði fjárhæðar í íslenskum krónum sem skiptast skal eftir nánar tilgreindum hlutföllum í erlendar myntir. Áherslan virðist fyrst og fremst hafa verið lögð á textaskýringu en önnur atriði hafa einnig verið könnuð, svo sem hvernig samningur gerði ráð fyrir að skuldbinding yrði efnd og hvernig efndir fóru í raun fram. Hæstiréttur hefur einnig litið til hugtakanotkunar í láns samningi, fyrirsagnar samnings eða yfirheitis hans og þess hvernig vextir eru tilgreindir í samningsskilmálum. Hæstiréttur hefur einnig kannað önnur gögn heldur en skilmála láns samninga. Sem dæmi um slík gögn má nefna kaupnótur, gjaldeyris pantanir og skilmálabreytingar. Varðandi sönnunarbyrði um eðli skuldbindingar þá virðist Hæstiréttur hafa stuðst við andskýringarregluna og lagt sönnunarbyrði á lánveitanda, sbr. *Hrd. 8. mars 2011 (30/2011)*.

## HEIMILDASKRÁ

*Alþingistíðindi.*

Einar Hugi Bjarnason: „Gildissvið VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu“. *Tímarit lögfræðinga*, 1. hefti 2013, bls. 5-73.

Eyvindur G. Gunnarsson: „Meginatriði laga um vexti og verðtryggingu“. *Afmælisrit. Jónatan Þórmundsson sjötugur*. Ritsj. Ragnheiður Bragadóttir. Reykjavík 2007, bls. 141-192.

Eyvindur G. Gunnarsson: „Um gengistryggð lán og verðtryggingu“. *Úlflyótur*, 3. tbl. 2009, bls. 315-349.

Kristín Benediktsdóttir og Markús Sigurbjörnsson: *Einkamálaréttarfar*. 3. útgáfa. Reykjavík 2013.

Páll Sigurðsson: *Samningaréttur. Yfirlit um meginreglur íslensks samningaréttar*. 7. útgáfa. Reykjavík 2011.

Stefán A. Svensson: „Hvenær telst lán vera erlent?“. *Tímarit Lögréttu*, 1. tbl. 2013, bls. 11-22.

Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur I. Efnidir kröfu*. 2. útgáfa. Reykjavík 2010.

Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason og Eyvindur G. Gunnarsson: *Kröfuréttur II. Vanefndaúrræði*. Reykjavík 2011.

## DÓMASKRÁ

### Dómar Hæstaréttar:

*Hrd. 16. júní 2010 (92/2010)*  
*Hrd. 16. júní 2010 (153/2010)*  
*Hrd. 14. febrúar 2011 (603/2010)*  
*Hrd. 14. febrúar 2011 (604/2010)*  
*Hrd. 8. mars 2011 (30/2011)*  
*Hrd. 8. mars 2011 (31/2011)*  
*Hrd. 9. júní 2011 (155/2011)*  
*Hrd. 25. október 2012 (467/2011)*  
*Hrd. 3. nóvember 2011 (520/2011)*  
*Hrd. 9. júní 2011 (524/2011)*  
*Hrd. 23. nóvember 2011 (551/2011)*  
*Hrd. 23. nóvember 2011 (552/2011)*  
*Hrd. 15. júní 2012 (3/2012)*  
*Hrd. 25. október 2012 (19/2012)*  
*Hrd. 27. september 2012 (50/2012)*  
*Hrd. 1. nóvember 2012 (66/2012)*  
*Hrd. 11. júní 2012 (332/2012)*  
*Hrd. 16. maí 2013 (757/2012)*  
*Hrd. 21. nóvember 2013 (391/2013)*  
*Hrd. 27. mars 2014 (750/2013)*  
*Hrd. 5. júní 2014 (25/2014)*  
*Hrd. 11. desember 2014 (235/2014)*  
*Hrd. 11. desember 2014 (292/2014)*  
*Hrd. 12. febrúar 2015 (369/2014)*  
*Hrd. 12. febrúar 2015 (406/2014)*